

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., með síðari breytingum.

1. gr.

11. gr. orðist þannig:

Innheimta skal við tollafgreiðslu gjald af innfluttu kjarnfóðri til 1. sept. 1985.

Gjaldið skal vera 60% af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst vera cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar í innflutningshöfn.

Gjaldið skal lagt á fullunnar fódurblöndur og hráefni í fódurblöndur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10-01-10	10-07-10	17-03-01	23-03-00	23-04-60
10-01-20	10-07-20	23-02-10	23-04-10	23-04-70
10-02-00	10-07-30	23-02-20	23-04-20	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-30	23-04-30	23-04-90
10-04-00	11-01-22		23-04-40	23-06-00
10-05-00	úr 11-01-29	blandað hænsnakorn	23-04-50	23-07-00
	11-02-21			
	úr 11-02-39	valsað bygg í lausu		

Undanskilin gjaldtöku eru fódursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður, sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreint tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis. Gjald sem tekið hefur verið af korni og vörum úr því, sem nota má jafnhliða til manneldis og skepnufóðurs, en fer til manneldis, endurgreiðist skv. reglum, sem Framleiðsluráð setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er ennfremur heimilt að undanþiggja gjaldtöku fóður fyrir gæludýr. Þá heimild skal þó aðeins veita samtökum um ræktun þeirrar dýrategundar sem um ræðir og skulu þau annast innflutning þess fóðurs, sem er undanþegið gjaldtöku. Samtökin skulu rökstyðja beiðni um undanþágu gjaldskyldu með upplýsingum um starfsemi sína og áætlun um notkun fóðurs fyrir dýr félagsmanna.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. og öðlast þegar gildi. Jafnframt er numin úr gildi reglugerð nr. 497/1984 um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1985 skal Framleiðsluráð landbúnaðarins greiða til Áburðarverksmiðju ríkisins hluta kjarnfóðurgjalds, er nemur kr. 2 700 á tonn af innfluttu kjarnfóðri, sem gjaldskytt er. Hagstofa Íslands reiknar út við ákvörðun búvöruverðs á þessu tímabili, hverju þessi greiðsla nemur af verði þeirra fóðurtegunda sem verð í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða er fundið eftir, skv. þeim reglum sem Hagstofan áætla kjarnfóðurverð við verðlagningu landbúnaðarafurða. Þessi hluti kjarnfóðurverðsins skal teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða á áðurnefndu tímabili og koma fram í afurðaverði.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. maí 1985.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.